

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Vesturbyggð 7, L195385, einbýlishúsalóð breytist í parhúsalóð.
Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Vesturbyggðar 7 í Laugarási. Í breytingunni felst að lóðin breytist úr lóð fyrir einbýlishús í lóð fyrir parhús. Samhliða eru gerðar breytingar sem taka til númera á lóðum við Vesturbyggð auk þess sem afmörkuð er landbúnaðarlóð L3 austan við Teig án byggingarreits, lóðin fær staðfangið Skógargata 2A.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. nóvember 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 13. janúar 2025